



Bæjarráð Kópavogs

Kópavogi, 5. apríl 2022
22021256/517.01 SLS

Smárahvammsvegur endurgerð götu – heimild til útboðs

Óskað er heimildar bæjarráðs til að bjóða út endurgerð Smárahvammsvegar milli Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar.

Framkvæmdin felur í sér breytingu á Smárahvammsvegi fækkun akreina úr fjórum í tvær, gerð hjólareinar við hlið núverandi göngustígs vestan megin við Smárahvammsveg og gerð hjólareinar við hlið akbrautar austan megin við Smárahvammsveg. Gerð upphækkaðra gönguþveranna á allar hliðargötur Smárahvammsvegar sem og á Smárahvammsveg við Arnarnesveg. Uppsetning nýrra lýsingar og ljósastaura á Smárahvammsvegi og stígum. Gerð gróðursvæðis við Smárahvammsveg og nærliggjandi svæði. Uppsetning ljósastýrðra gatnamóta á gatnamótum Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar sem og við gatnamót Silfursmára/Gullsmára og Smárahvammsvegar. Gerð biðstöðva strætó á Smárahvammsvegi sem og lengingu strætóvasa við Fífuhvammsveg að gatnamótum Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar.

Við framkvæmd þessa eykst öryggi gangandi og hjólandi umferðar meðfram og yfir Smárahvammsveginn.

Virðingarfyllst,

Stefán L Stefánsson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar

Meðf. Útboðsgögn fyrir Smárahvammsveg (trúnaðar gögn)